

Fundur haldinn í menningar-, íþróttá- og frístundanevnd Hveragerðisbæjar á bæjarskrifstofunni Breiðumörk 20, mánudaginn 16. október 2017, kl. 17:00. Mætt voru: Friðrik Sigurbjörnsson, Alda Pálsdóttir, Walter Fannar Kristjánsson, Davíð Ernir Kolbeins og Fanný Björk Ástráðsdóttir. Jakob Fannar Hansen boðaði forföll. Jóhanna M. Hjartardóttir menningar- og frístundafulltrúi sat fundinn og ritaði fundargerð.

Formaður stjórnaði fundi og leitaði eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Dagskrá:

1. Íþróttamaður ársins - undirbúningur á kjöri
2. Fullveldi Íslands 100 ára – Tillögur að viðburðum (www.fullveldi1918.is)
3. Listamannahúsið Varmahlíð – gestir
4. Landsmót 50 +
5. Vetrardagskrá viðburða
6. Íþróttaskóli fyrir börn

1. Íþróttamaður ársins

Farið yfir reglugerð um kjör íþróttamanns ársins. Menningar- og frístundafulltrúa falið að senda fulltrúum deilda Hamars, íþróttafélögum og sérsamböndum póst og óska eftir upplýsingum um afrek íþróttamanna á árinu 2017 sem eiga lögheimili í Hveragerði fyrir 30. nóvember nk. Einnig skal almenningi gefinn kostur á að tilnefna íþróttamann ársins. Með tilnefningu skal fylgja greinargerð um árangur og rökstuðningur fyrir tilnefningu viðkomandi. Nefndin kemur saman í byrjun desember og fer yfir tilnefningar.

2. Fullveldi Íslands 100 ára

Rætt um möguleg verkefni og dagskrá í tilefni af aldarafmæli íslenska fullveldisins á næsta ári og mögulega aðkomu Hveragerðisbæjar að afmælisdagskránni.

3. Listamannahúsið Varmahlíð

Menningar- og frístundafulltrúi kynnti þá listamenn sem hafa dvalið í Varmahlíð í ár. Auglýst verður um umsóknir um dvöl í Varmahlíð í byrjun nóvember fyrir árið 2018.

4. Landsmót 50+ í Hveragerði 2017

Formaður kynnti 11. fundargerð landsmótsnefndar 50+ 2017 og ánægju nefndarmanna með framkvæmd mótsins í heild sinni. Nefndin þakkar landsmótsnefnd, Gísli Páli, formanni landsmótsnefndar, starfsmönnum bæjarins og þeim fjölmörgu sjálfboðaliðum fyrir góða vinnu við framkvæmd mótsins.

5. Vetrardagskrá viðburða

Menningar og frístundafulltrúi kynnti viðburði sem eru í farvatninu á þessu ári. Einnig var farið yfir mögulega viðburði og fjárhagsáætlun 2018.

6. Íþróttaskóli fyrir börn

Umræður eru hafnar við forsvarsmenn Íþróttafélagsins Hamars á mögulegri útfærslu á íþróttaskóla fyrir 6 – 8 ára börn. Ákveðið að skoða útfærslur á íþróttaskólum fyrir börn í öðrum sveitarfélögum. Menningar og frístundafulltrúi mun vinna tillögu í samstarfi við Íþróttafélagið Hamar og leggja fyrir nefndina á desemberfundinum.

Fundargerð lesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 18:10

Friðrik Sigurbjörnsson, (sign) *Friðrik Sigurbjörnsson*

Alda Pálsdóttir, (sign) *Alda Pálsdóttir*

Davíð Ernir Kolbeins, (sign) *Davíð Ernir Kolbeins*

Walter Fannar Kristjánsson, (sign) *Walter Fannar Kristjánsson*

Fanný Björk Ástráðsdóttir, (sign) *Fanný Björk Ástráðsdóttir*

Jóhanna M. Hjartardóttir, menningar- og frístundafulltrúi, (sign) *Jóhanna Hjartardóttir*